

D ó m s o r ð:

Stefndu, Guðmundur V. Ottósson og Örn Halldórsson, greiði stefnanda, Ísfiski sf., in solidum kr. 150.000,00 með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 5. nóvember 1985 til 1. mars 1986, en 2,75% dráttarvöxtum frá 1. mars til 1. apríl 1986 en 2,25% dráttarvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags, bankakostnaður kr. 120,00 og kr. 45.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 29. júní 1988.

Nr. 186/1988. **Bláðaprent hf.**

gegn

Persíu hf.

og

skiptaráðandanum í Reykjavík

Kærumál. Greiðslustöðvun felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Benedikt Blöndal og Guðrún Erlendsdóttir.

Gréta Baldursdóttir, sett borgarfógeti, kvað hinn kærða úrskurð upp sem skiptaráðandi í skiptarétti Reykjavíkur 10. þ.m. Úrskurðurinn er án forsendna og hljóðar svo: „Persíu h.f. nafnnr. 7059-5001, Reykjavík er veitt heimild til greiðslustöðvunar í þrjá mánuði frá deginum í dag að telja.“

Með bréfi 16. þ.m. krafðist sóknaraðili þess, að skiptaráðandi felldi tafarlaust niður réttaráhrif úrskurðarins samkvæmt heimild

11. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 og tók fram, að yrði ekki á það fallist kærði hann úrskurðinn jafnframt til Hæstaréttar samkvæmt heimild í niðurlagsákvæði 1. mgr. 10. gr. sömu laga. Skiptaráðandi taldi ekki forsendur til að fella niður réttaráhrif greiðslustöðvunar og leit svo á, að um væri að ræða kæru, er borist hefði fyrir lok kærufrests, og sendi skjöl málsins til Hæstaréttar með bréfi 21. þ.m.

Greinargerð sóknaraðila barst Hæstarétti 28. þ.m. Hann gerir þessar dómkröfur: „Aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Til vara að úrskurðurinn verði ómerktur og að lagt verði fyrir skiptaráðanda að kveða upp nýjan úrskurð að undangenginni frekari gagnaöflun í málinu. Þá er krafist óskipt kærumálskostnaðar úr hendi Persíu hf. og skiptaráðandans í Reykjavík Grétu Baldursdóttur.“ Telur sóknaraðili, að skiptaráðandi hafi hrapað að uppkvaðningu úrskurðarins, þannig að víta beri hann fyrir málsmeðferðina.

Frá varnaraðilum hafa ekki borist kröfur eða greinargerðir.

Beiðni varnaraðila Persíu hf. um greiðslustöðvun er dagsett 7. þ.m. og er ástæða fyrir beiðninni sögð vandamál, sem fyrirtækið á við að glíma vegna húsbygginga á lóðinni nr. 9 við Lynghals í Reykjavík. Er því lýst, að hinn 8. desember 1986 hafi varnaraðili selt sóknaraðila húsnæði þarna en báðum aðilum verið ljóst, að teikningar af fyrirhuguðu húsnæði hefðu ekki verið samþykktar af byggingarnefnd. Ætlað hafi verið, að húsnæðið yrði tilbúið til afhendingar 30. nóvember 1987. Kaupverð hafi samtals numið 59.014.720,00 krónum og að hluta átt að greiðast í makaskiptum með húseign sóknaraðila að Síðumúla 14, sem metin hafi verið á 25 milljón krónur. Síðan er því lýst, að strax við samningsgerð hafi sóknaraðili óskað tiltekinna breytinga á húsnæðinu, er leitt hafi til þess að byggingarleyfi hafi ekki verið gefið út fyrr en 26. mars 1987 og framkvæmdir tafist af þeim sökum. Fleira hafi komið til og leitt til þess að varnaraðili lenti í greiðsluerfiðleikum, þar á meðal að sóknaraðili hafi eigi afhent húsnæði það, er koma átti upp í kaupin í makaskiptum, og sé nú svo komið að sóknaraðili neiti afhendingu að svo stöddu. Í beiðninni segir ennfremur: „Samkvæmt áætlun, sem gerð hefir verið er sennilegt, að það kunni að kosta um 16,5 millj. króna, að ljúka þeim framkvæmdum, sem enn er ólokið af

hálfu Persíu hf. við byggingu umræddra húsa, og að skuldir Persíu hf. nemi alls um 38 milljónum króna eða samtals vanti fjárhæðir er nemi um 54,5 milljónum króna til þess að uppgert sé við alla aðila.“ Þá segir, að miðað við lok aprílmánaðar 1988 séu eignir varnaraðila samtals 60,7 milljón króna virði, þessar: Ógreiddar greiðslur vegna kaupsamninga eru sagðar 32,6 milljón krónur, óselt húsnæði í Lyngási 9 að verðmæti 9,0 milljón krónur, og kröfur á sóknaraðila vegna þess að húsnæði í Síðumúla 14 reyndist minna en ætlað var 4,8 milljón krónur, vegna stækkunar húsnæðis 4,2 milljón krónur og loks bótakröfur vegna seinkunar á greiðslum o.fl. af atvikum, er varnaraðili telur sóknaraðila bera ábyrgð á, 10,1 milljón krónur. Í beiðninni eru sett spurningarmerki við síðasttalda þrjá liði, áætlaðar kröfur varnaraðila á sóknaraðila. Því er lýst yfir, að slitnað hafi upp úr samningum aðila og stjórn varnaraðila falið lögmanni sínum „að freista þess aðallega að fá samningum aðila rift vegna vanefnda Blaðaprents hf., en til vara að fá samningum aðila vikið til hliðar að fullu eða að hluta skv. ákvæðum 36. gr. l. nr. 7/1936, sbr. 6. gr. l. nr. 11/1986, eða loks til þrautavara að gera bótakröfu á hendur Blaðaprenti hf. vegna vanefnda félagsins gagnvart Persíu hf., til þess að freista þess að koma í veg fyrir gjaldþrot félagsins.“ Lögmaður varnaraðila lýsti því yfir fyrir skiptarétti 9. þ.m., að skuldir væru uppreiknaðar miðað við þann dag, nokkurn veginn. Niðurlagsorð greiðslustöðvunarbeiðni eru þessi: „Vegna yfirvofandi nauðungarsölu á eignum félagsins að Lynghálsl 9, er óhjákvæmilegt að leita eftir greiðslustöðvun þessari til þess að freista þess að fullt jafnræði verði með lánadrottnum félagsins.“

Með beiðni um greiðslustöðvun fylgdi ársreikningur félagsins fyrir árið 1987. Samkvæmt honum skuldaði það 7.737.593,00 krónur umfram eignir í árslok. Reikningurinn er áritaður af löggiltum endurskoðanda og tekið fram, að engin endurskoðun hafi verið framkvæmd. Svofelld áritun er gerð: „Með hliðsjón af taprekstri félagsins á árinu og fjárhagsstöðu þess í árslok viljum við taka fram, að viðbrögð lánadrottna félagsins, lántökumöguleikar, ásamt væntanlegum samningum við kaupendur að Lynghálsl 9 um lokauppgjör og frágang, mun hafa veruleg áhrif á það, hvort félagið mun geta haldið áfram rekstri.“

Ennfremur fylgdi beiðninni skuldalisti pr. 25. janúar sl. að fjárhæð samtals 38.749.576,00 krónur.

Sóknaraðili telur varnaraðila Persíu hf. ekki uppfylla skilyrði til að fá leyfi til greiðslustöðvunar og ófullkomin og villandi gögn hafa verið lögð fyrir skiptaráðanda. Kveður hann varnaraðila löngu kominn í þrot með byggingarframkvæmdir vegna fjárskorts og enn ekki byrjað á smíði hluta þess húsnæðis, er samningar þeirra ná til. Telur hann skuldir vanreiknaðar og eignir ofreiknaðar og bendir í því efni m.a. á, að hann telji sig eiga kröfu á varnaraðila vegna vanefnda. Þannig nemi áfallnar dagsektir vegna afhendingardráttar 9 milljón krónum.

Samkvæmt framansögðu verður ekki talið, að varnaraðili Persía hf. hafi leitt að því nægar líkur að hann geti komið nýrri skipan á fjármál sín, þótt honum verði veitt þriggja mánaða greiðslustöðvun. Verður því ekki séð að skilyrði séu fyrir hendi til að veita varnaraðila heimild til greiðslustöðvunar. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að varnaraðili Persía hf. greiði sóknaraðila 15.000,00 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður um greiðslustöðvun er án forsendna svo sem heimilt er að lögum og standa ekki efni til að sinna kröfu um vítur á skiptaráðanda vegna meðferðar málsins né dæma hann til greiðslu kærumálskostnaðar.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Persía hf., greiði sóknaraðila, Bláðaprenti hf., 15.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Kröfum sóknaraðila gegn skiptaráðandanum í Reykjavík er hafnað.